



Í tilefni alþjóðlega bangsadagsins verður haldinn bangsaspítali
Sunnudaginn 23. September á milli 10 og 15 á þremur heilsugæslustöðvum
á Höfuðborgarsvæðinu :

- Heilsugæslan Efstaleiti
- Heilsugæslan Grafarvogi
- Heilsugæslan Sólvangi

Öllum börnum, ásamt foreldrum/forráðamönnum, er boðið að koma í
heimsókn með veika eða slasaða bangsa.

Tilgangur verkefnisins er tvíþættur: Annars vegar til að fyrirbyggja hræðslu
há börnum við lækna og heilbrigðisstarfsfólk og hins vegar að gefa
læknanemum á yngri árum tækifæri til að æfa samskipti við börn

Heimsóknin fer þannig fram að hvert barn kemur með sinn eigin bangsa.
Gott er að ræða fyrirfram við barnið um það hvernig bangsinn er veikur
(hvort hann sé t.d. með hálsbólgu, magapest eða brotinn fót). Þegar á
heilsugæsluna er komið fær barnið að innrita bangsann og að því loknu
kemur bangsalæknir og vísar barninu inn á læknastofu þar sem læknirinn
skoðar bangsann og veitir honum þá aðhlynningu sem hann þarf á að halda.

Vonumst til þess að sjá sem flesta!

Lýðheilsufélag læknanema